

Dalalæðan

1. tbl. 38. árg. 31. janúar 2025



AÐALFUNDUR VÍGHÓLS

Verður haldinn í Reykjadal
fimmtudaginn 13. mars klukkan 20:00

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar.
5. Ákvörðun félagsgjalds.
6. Kosning stjórnar.
7. Önnur mál

Stjórn Víghóls

LEIÐARI

Halla Fróðadóttir formaður Víghóls

„Klukkan hvað byrjar brennan?“ er næstsíðasta færslan inná Dalbúasíðunni á Facebook árið 2024. Enginn svaraði og einn maður lækaði færsluna. Það var Einar Scheving.

Skömmu síðar kom svo síðasta færsla ársins. Færslan var frá Helenu í Hveramýri sem benti á að kveikt verði í brennunni á sama tíma og alltaf. Hálfnúu. Hún biður fólk vinsamlega um að geyma þennan póst fyrir framtíðarbrennur.

Facebooksíðan okkar er löngu orðinn fastur liður í lífi Dalbúa. Okkur gekk óvenju illa að halda skepnum innan girðinga á síðasta ári og var slegið met í lausum eða týndum hestum, hundum, köttum, geitum og kindum. Þar fyrir utan var lítill þrýstingur á kalda vatninu, heitavatnslaut, spæling yfir snjómokstri og bara alls konar.

Aðalfundur Víghóls var haldinn frekar seint á síðasta ári. Þar var góðmennt og voru helstu málin rædd. Fyrir utan hin klassísku vegamál í Dalnum, aðalskipulagið, áramótabrennuna og göngustíga var nýr skemmti- og útivistarreitir kynntur til

sögunnar. Kirkjan veitti Dalbúum leyfi til afnota af reitnum aftan við brennustæðið. Þennan reit hafa Soroptimistakonur Mosfellssveitar verið með til afnota síðastliðin 30 ár og hafa þær plantað miklu magni af trjám og gert reitinn fallegan. Þeirra afnot hafa verið takmörkuð síðastliðin ár og í samvinnu við þetta góða félag mun nú Víghóll taka reitinn formlega yfir í sína umsjá. Á fundinum stakk Gísli í Brekkukoti upp á sjálfum sér sem umsjónarmanni reitsins og var það samþykkt einróma og með lófataki. Víghóll efndi í framhaldinu til samkeppni um nafn á reitinn og komu margar góðar tillögur fram. Það nafn sem naut mestrar hylli var BALINN. Það var Júlí við Suðurá sem kom með nafnið.

Mosfellskirkju var lokað á árinu vegna rakaskemmda og myglu. Kirkjan er komin til ára sinna, hefur drabbast niður og komið að miklu viðhaldi. Vonandi fara endurbætur af stað sem fyrst á þessari falllegu kirkju sem vígð var 4. apríl árið 1965 af Biskupi.

Að vegamálum. Tíkarleg vegamálun Vegagerðarinnar í vor varð nokkrum vöskum konum í Dalnum innblástur og tóku þær sig til eina nóttina og máluðu hraðamerkingar á veginn í neonlitum sem vakti stormandi lukku. Mögulega fékk Vegagerðin andann yfir sig af þessum gjörningi því í september s.l. birtist útboðsauglýsing á vef Vegagerðarinnar þar sem boðin var út verkhönnun á breytingum á Þingvallavegi um Mosfellsdal. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem þessi áfangi er boðinn út og þá gerðist ekkert í framhaldinu svo nú er eins gott fyrir þá að standa við orð sín og þruma þessari framkvæmd í gang.

Dalalæðan

1. tbl. 38. árg. 31. janúar 2025

Útgefandi: Ibúasamtökin Víghóll Mosfellsdal

Ritstjórar og ábyrgðarmenn:

Halla Fróðadóttir og Sigríður Rún Kristinsdóttir

Auglýsingar: Víghóll

Forsíðumynd: Sigríður Rún Kristinsdóttir

Umbrot: Sigríður Rún Kristinsdóttir

Prentun: PIXEL Prentþjónusta

Prófarkalestur: Víghóll

Dalalæðan er prentuð í 250 eintökum.

Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal og einnig sent til brottfluttra Dalbúa.

LEIÐARI frh

Ein stærsta frétt ársins kom í maí þegar Nonni í Mosskógum tilkynnti að grænmetismarkaðurinn góði yrði ekki í sumar og að eftir 30 góð og ævintýrleg ár í frábærri samvinnu og gleði með góðu fólki hefði hann ákveðið að nú væri tíma-bært að hætta. Það er mikil eftirsjá af markaðnum en Nonni er áfram í Mosskógum og rekur þar flottasta tjaldsvæði landsins.

En þegar þessi orð eru skrifuð eru Einar Scheving og þorablótsnefndin að bruna á milli húsa að selja miða á þorablótið sem haldið verður í Harðarþóli þann 31. janúar. Allt á sínum stað og þorablótsnefndin hefur beðið gesti að spýta í lófana, rækja röddina og þússa dansskóna.

Skál!

SVEITASÆLAN 2025

Sumarnámskeið

Við í Húsdýragarðinum á Hraðastöðum bjóðum krökkum að koma á námskeið og upplifa lífið í sveitinni. Okkar markmið með námskeiðinu er að krakkarnir skemmti sér vel, læra að umgangast dýr og njóti þess að vera í sveitinni. hradastadir.is/namskeid





BÆKUR UM OG EFTIR DALBÚA

Forlagið – Mál og menning gaf út bókina „Duna“ eftir þær Kristínu Svövu Tómasdóttur og Guðrúnu Elsu Bragadóttur fyrir s.l. jól. Í bókinni er ferill Dunu (Guðnýjar Halldórsdóttur) sem afkastamestu kvikmyndagerðarkonu landsins rakinn. Farið er yfir ævi hennar og samstarf með ýmsu áugaverðu fólki. Listaðar eru upp þær kvikmyndir, sjónvarps- og heimildapættir sem hún hefur unnið að. Bókin er eins og Duna sjálf, hrein og bein. Ekkert vesen.

Fyrir s.l. jól kom út hjá Sæmundi útgáfu bókina „Gröf minninganna“ eftir Bjarka Bjarnason. Hér er um að ræða skáldsögu

sem lýsir m.a. íslensku samfélagi á 7. og 8. áratugnum. Bókin fékk mjög góðar viðtökur og umsagnir.

Við óskum Dunu og Bjarka innilega til hamingju með bækurnar sínar.



100 ÁRA



Guðrún Tómasdóttir hefði orðið 100 ára þann 13. apríl.

HEYRST HEFUR ...

- ✓ að nýtt menningarsetur muni líta dagsins ljós í Helgadal þegar Birta Fróðadóttir frá Dalsgarði og Davíð Þór Jónsson tónlistarmaður með meiru flytja þangað með dætrum sínum Silfru og Dagmar og hundinum Fjöður
- ✓ að fólksfjölgun í dalnum sé allt of hæg. Því er ekki seinna vænna en að flytja sem mest af brottfluttum Dalbúum til baka
- ✓ að Hákon og dr. Halla búi nú í miklum vellystingum á eyjunni Curacao í Karíbahafi. Þau taka þar á móti gestum í stórum hópum, kenna þeim að kafa og njóta lífsins. Allir velkomnir
- ✓ að Kristófer Ásgeirsson frá Dalsbúi og Juliana Gunther séu flutt í Helgadal ásamt hundinum Loka
- ✓ að enginn Dalbúi hafi enn boðist til að hreinsa brennustæðið í ár



HÁGÆÐA SMUREFNI

Jóhannes:
896 1858
Roðamói 3



www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi

STÓRAFMÆLI 2025

Eftirtaldir Dalbúar fagna stórafmæli á árinu

80 ára

Guðrún Vilborg Karlsdóttir, Sigtún 5. maí
Unnur Hermansdóttir, Æsustaðir 1 6. október

70 ára

Árni Frímánn Jónsson, Víðihlíð 6. ágúst
Jóhann S D Christiansen Laugaból 1 6. mars
Jón Guðmundsson Reykjadalur 2 16. september
Jón Jóhannsson, Dalsgarður 23. febrúar
Sigrún Hjálmtýsdóttir, Túnfótur 8. ágúst

60 ára

Eygerður Guðbrandsdóttir, Hraðastaðir 1 29. apríl
Jenný Magnúsdóttir Fagrihvammur 29. nóvember
Páll Þórir Viktorsson, Víðibakki 23. desember

50 ára

Alexander Vestfjörð Kárason, Roðamói 11. 25. júní
Guðmundur Böðvar Sigurðsson, Árvangur 12. maí
Guðrún Helga Skowronski, Björk 12. ágúst
Haukur Hilmar Þórarinsson Laxnes 1. 26. október
Kristmundur Anton Jónasson, Víðigerði 21. október
Maríanna Gunnarsdóttir, Egilsmói 5 11. nóvember

Dalalæðan óskar þessu góða fólki gæfu og hamingju



ÍBÚAR Í MOSFELLSDAL

**VERKFÆRA
SALAN**

WWW.VFS.IS



Dalsgarður

– við gerum rósir

Blómasala alla daga

kl. 9.00-12.00

Dalsgarði Mosfellsdal

Gísli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer
Helena Jónsdóttir rósakona / bloomer
Dalsgarður, 271 Mosfellsbæ, Ísland

Netfang/e-mail: dalsgardur@simnet.is

BALLERÍNAN Í DALNUM



Arabella Iðunn Wright er 12 ára ballettdansmær sem er fædd og uppalin í Dalnum og býr Við Suðurá. Þar búa líka Hafdís Huld, móðir hennar, Alisdair Wright, faðir hennar og Elliot Óðinn yngri bróðir. Þau eiga hundinn Lunda og nokkrar hænur en í næstu húsum búa líka afi hennar, amma, Telma frænka og Júlían frændi. Allir þessir aðilar eiga stóran hlut í hjarta Arabellu og taka þátt í að gera lífið skemmtilegt og gott með henni.

Þegar Arabella var tveggja ára byrjaði hún að æfa ballett, fyrst hjá Ballettskóla Eddu Schewing en svo hjá Listdansskóla Íslands frá árinu 2020. Það má segja að líf Arabellu snúist um dans því hún æfir a.m.k. 15 klst. á viku. Hennar aðalgrein er klassískur ballett en einnig æfir hún nútíma-dans, lyrical, jazz og stepp.

Í febrúar árið 2024 tók Arabella þátt í undankeppni Dance world Cup í Borgarleikhúsinu. Þar hlaut hún þrenn gullverðlaun og ein silfurverðlaun ásamt því að tryggja sér sæti í íslenska landsliðinu í fjórum flokkum. Hún keppti fyrir Íslands hönd í Prag síðastliðið sumar og hreppti heimsmeistaratitilinn í flokknum „Showdanc“ ásamt liðsfélögum sínum úr Listdansskóla Íslands. Einnig lenti hún í 7. sæti af tæplega 40 keppendum með sólóatriðið sitt „Song and dance“ þar sem hún var ein af þeim yngstu í sýnum flokki.

Vorið 2024 keppti Arabella í undankeppni Follow your Dreams keppinnar í Birmingham og hlaut þar tvenn gullverðlaun og eitt silfur. Þessi árangur tryggði henni keppnisrétt í lokakeppninni sem fram fór í Blackpool í október sl. Þar vann hún tvenn aðalverðlaun og var krýnd „FYD National Champion“ í flokkunum „Song and dance“ og „Vocal“ auk þess sem hún hlaut bronsverðlaun í „Lyrical“ flokki.

Arabella er á fullu þessa dagana að æfa bæði ballett og „song and dance“ sólóatriði fyrir undankeppnina 2025 en í slíku atriði bæði dansar hún og syngur. Auk þessa er hún að æfa með hópnum, sem í fyrra vann heimsmeistaratitilinn, nýtt „Showdance“ atriði.

Til að fræðast aðeins meira um líf þessarar duglegu ballettstúlku sem einnig syngur gullfallega fengum við hana til að svara nokkrum spurningum.

Veistu af hverju þú varst sett í ballett svona ung en ekki einhverja aðra list- eða íþróttagrein? Ég var alltaf dansandi þegar ég var lítil og mamma segir að það hafi verið augljóst að ballet myndi henta mér vel.



Áttu þér eitthvað annað áhugamál en ballettdans?

Ég hef mikinn áhuga á söng- og leiklist og er t.d. að talsetja mikið af teiknimyndum. Svo finnst mér líka gaman að teikna.

Ef þú værir ekki að æfa ballett, hvað heldurðu að þú værir þá að æfa?

Þá væri ég örugglega að einbeita mér að leiklist og söng.

Áttu þér einhverja fyrirmynd í ballettinum?

Já, ballettkennarinn minn Dilly Greasly er mikil fyrirmynd. Hún lærði við Konunglega breska ballettskólann og ég stefni þangað.

Geturðu útskýrt hvað það er við ballettinn sem gerir skemmtilegt að æfa hann og lætur þér líða vel?

Dansinn gerir mig glaða og það er frábært þegar ég er búin að vera að vinna í einhverju

erfiðu spori eða tækni í langan tíma og svo smellur það allt í einu, að sjá árangur af öllum æfingunum.

Ertu með eitthvert markmið varðandi ballettinn á þessu ári?

Að halda áfram að bæta mig í tás্কótækni og snúningum.

Hvernig finnst þér að búa í Mosfellsdal? Mjög rólegt og þægilegt (Vildi samt að ballettskólinn væri aðeins nær.)

Talar þú mörg tungumál? Hvaða?

Ég er hálf ensk þannig að ég tala bæði ensku og íslensku sem móðurmál og er svo að læra dönsku í skólanum.

Dalbúar þakka Arabellu fyrir viðtalið og óska henni góðs gengis í framtíðinni.

BRUNI Í BJÖRK

Dalbúum brá í brún seint í júlí, þegar eldur kviknaði í sumarhúsinu Björk, út frá grilli sem stóð þar upp við húsvegginn. Helga Skowronski, söðlasmiður, hafði eytt sumrinu í að ditta að eigninni og gera hana klára fyrir veturinn þegar óhappið dundi yfir. Á aðeins örstuttum tíma hafði eldurinn farið upp undir þakið og þaðan um allt húsið og var í raun ótrúleg heppni að ekki fór verr. Slökkviliðið var fljótt á svæðið, þökk sé nýrri stöð í Mosfellsbæ, og réð fumlaut niðurlögum eldsins. Tjónið var talsvert, en húsið hefði léttilega getað brunnið til kaldra kola. Helga vill nota tækifærið og biðlar til Dalbúa að kveikja ekki upp í grillum ef þau standa nærri húsveggjum.



Slökkviliðið að störfum

**Hrossaræktunarbúið
ÓLAFSHAGI
...á horninu**

Gandur ehf.
Öll almenn járnsmíði
og vélaviðgerðir
Sími 696 8523

HEYRST HEFUR ...

- ✓ að tíkin hennar Sigrúnar á Bókfelli hafi reynt að kála hænu hjá Nonna í Moskógum. Sigrún hafi tekið þetta mikið nærri sér og Nonni gert sitt besta til að hugga hana með kjassi og blíðuhótum. Hænan hafi þá staðið upp og hrist sig en eftir stóðu Jón og Sigrún, bæði alsæl
- ✓ að hugmynd Mosfellsbæjar að setja upp grendarstöð á Ásum hafi fokið út í veður og vind
- ✓ að Dalbúar séu misánægðir með snjó-moksturinn sem Mosfellsbær býður upp á þennan veturinn. Þó að göturnar séu flestar mokaðar af miklum móð þá komast íbúar ekki út úr heimreiðunum sínum vegna fannfergu

Vatnsborun Árna Kóps

Árni Kópsson
893-5699

Ásta Sif
663-1033



www.vatnsborun.is

ÞINGVALLAVEGUR UM MOSFELLSDAL

Helena Jónsdóttir og Rakel Baldursdóttir, stjórnarkonur í Víghól



Íbúar í Mosfellsdal hafa vakið athygli á hrað- og framúrakstri á Þingvallavegi, sem liggur í gegnum íbúabyrpinguna í Mosfellsdal, svo árum skiptir. Öryggi vegfarenda er ábótavant og umferð hefur aukist gríðarlega síðustu ár. 12 tengingar eru inn á veginn sem allar eru varhugaverðar.

Skipulagsvinna vegna Þingvallavegar er búin að vera lengi á teikninborðinu eða síðan árið 2013. Deiliskipulag var svo lagt fram árið 2016 og samþykkt árið 2018. Í ársbyrjun 2020 var áætlað að framkvæmdir við ný hringtorg í Mosfellsdal hæfust. Alþingi veitti Vegagerðinni fjárveitingu uppá 400 m. kr. sem var rúmlega helmingur af heildarkostnaði verksins (þess tíma).

Í samgönguáætlun 2019-2023 var lagt til að gerð yrðu tvö hringtorg og undirgöng undir Þingvallavegi í Mosfellsdal árið 2021. Þetta gekk ekki eftir og svo kom út Samgönguáætlun 2024-2038.

Í september árið 2006 fóru Signý Jóhannsdóttir og Þóra Sigurþórsdóttir á fund þáv. samgönguráðherra og afhentu

þær honum undirskriftalista 180 íbúa í Mosfellsdal. Þar var skorað á yfirvöld vegamála að setja upp hringtorg á mótum Þingvallaafleggjara og Vesturlandsvegar. Jafnframt var þar rætt um hraðahindranir á Þingvallavegi í Mosfellsdal. Hringtorgið reis árið 2007 og fékk jarmandi ábúendur tíu árum síðar. Árið 2016 skrifaði Guðný Halldórsdóttir pistil í helstu miðla landsins „Rangur Miskilningur“ Þar sem hún vakti athygli á umferðarpunga á Þingvallavegi og hugmynd um að endurbyggja gamla Þingvallavegin.

Sama ár var gerð umferðarspá fyrir árið 2040 út frá háspá Vegagerðarinnar. Spáin gerði ráð fyrir 2% aukningu umferðar á ári til ársins 2040. Vöxturinn var í kringum 7% að meðaltali síðastliðin 10 ár. Áætla mætti samkvæmt því að umferð verði í kringum 5000-5500 bílar á sólarhring árið 2040. Árið 2023 var umferðin komin í 3400 bíla á sólarhring.

NÝTT VEGSTÆÐI Á GÖMLUM GRUNNI

Á aðalfundi félagsins árið 2017 var Víghóli falið að vinna að úrlausn á þeirri gríðarlegu umferð sem fór um dalinn. Voru þar í broddi fylkingar Finnur Ingi Hermannsson, Guðbergur Guðbergsson, Guðný Halldórsdóttir og Júlíana Einarsdóttir. Verkfræðistofan Verkís var fengin til að útbúa kostnaðaráætlun fyrir annan og greiðfærari veg sem myndi liggja frá Geithálsi að Kjósarskarðsvegi. Sem sagt að endurvekja gamalt vegstæði. Kostaði sú vinna kr. 242.029 kr.

Fundur var haldinn í kjölfarið með Bæjarráði Mosfellsbæjar sem studdi þessa

framkvæmd af heilum hug og greiddi Mosfellsbær helming kostnaðarins við gerð áætlunarinnar eða kr. 121.015.

Þessi útfærsla er talin stytta leiðina til og frá Þingvöllum og vera mun greiðfærari. Engin hamlandi hringtorg yrðu á leiðinni, slysaþætta hverfandi, leiðin talin snjóléttari og myndi mun betur anna þeim síaukna fjölda ferðamanna sem leggur leið sína „Gullna hringinn.“

Árið 2017 var umferðin um Gullna hringinn u.þ.b. 1.000.000 bílar á ári en fjöldi ferðamanna sem fer þá leið er talinn vera 70% allra ferðamanna sem til landsins koma.

Hugmyndin er góð, kostnaður áætl. um 2 milljarðar kr. og framkvæmdin myndi greiða sig upp á nokkrum árum ef notast yrði t.d. við gjaldheimtu vegtolla.

Skv. ferðaþjónustuaðila sem haft var samband við mundi leiðin auka öryggi, spara eldsneiti og tíma. Sá aðili benti einnig á að þarna væri t.d. hægt að setja upp gott bílastæði á stað sem hentaði til norðurljósa-skoðunar. Farið var með erindið á fund þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sigurðar Inga Jóhannssonar, sem tók vel í hugmyndina en fylgdi henni ekki eftir að neinu leyti þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir.

ÍBÚAFUNDUR – FRAMÚRAKSTUR BANNAÐUR Í MOSFELLSDAL

Árið 2018, í kjölfar banaslyss í Dalnum, hélt Víghóll íbúafund og þess krafist að umferðaröryggi yrði bætt. Starfsmaður Vegagerðarinnar sat fundinn og var m.a. óskað eftir að framúrakstur yrði bannaður í Mosfellsdal. Því var lofað að sett yrðu upp þéttbýlishlið en nú, sjö árum síðar, bólar ekkert á þeim. Kantlínur sem banna stöðvun í vegbrún voru málaðar ásamt heilli miðlínu og tölum sem sýna hármærshraða.

Árið 2018 var meðalumferð á dag yfir árið 3200 bílar á sólarhring. Yfir sumartímamann voru 4300 bílar á sólarhring en yfir

veturinn 2400 bílar. Miðað við umferðarþunga árið 2018 á Þingvallavegi er hann töluvert umfram hannaða afkastagetu.

Í maí árið 2024 sendi Víghóll ábendingu til Vegagerðarinnar um að bæta þyrfti úr yfirborðsmerkingum á Þingvallavegi. Þá voru vegmerkingar orðnar það afmáðar að erfitt var að greina þær. Var brugðist við með því að skella örþun-nri leþju á heilu línuna. Ekki voru aðrar vegmerkingar málaðar. Sennilega er fjárskorti um að kenna enn eitt misserið og málningin því þynnt helst til mikið. Framtakssamar Dalskonur ákváðu því að skella í púkk og mála 70 merkingarnar á veginum með ýmsum skærum litum. Þetta uppátæki vakti athygli og hafði greinilega tilætluð áhrif því umferðarhraðinn lækkaði og tillitsemi jókst.

FRAMUNDAN

Miklum fjármunum og tíma er búið að verja í hönnun og nefndir vegna nýs Þingvallavegar sem enn er beðið eftir og enn er von. Þann 20. september árið 2024 var birt útboðsauglýsing þar sem Vegagerðin, Mosfellsbær og Hitaveita Mosfellsbæjar bjóða út for- og verkhönnun á breytingum á Þingvallavegi um Mosfellsdal og er það verkfræðistofan EFLA sem hlýtur verkið. Skal því lokið eigi síðar en í maí árið 2025.

Hvenær, hvort og hvernig framkvæmdir hefjast er alls óvíst en þangað til gerum við það sem í okkar valdi stendur til að auka umferðaröryggi vegfarenda og íbúa í Mosfellsdal. Víghóll vinnur nú að ályktun um nauðsyn á uppsetningu hraðamyndavélar og hefur verið í samtali við Vegagerð og Lögreglu vegna þess.

Þangað til vonum við að Vegagerðin mæti með málningu, malbikunarvélarnar og þéttbýlishliðin með hækandi sól. Svo við vitnum nú í fulla kallinn; þetta er rangur misskilningur!

ÞORRABLÓT 2024



© Björn G. Lefsson

Fríða, Andrés og Ása



Klara og Linda



© Björn G. Lefsson

Lexi og Tóti



Elías og Ingigerður



Diddú kíkir á vinninginn



© Björn G. Lefsson

Kátt á hjalla



Buríður, Finnur, Helena og Kristvin



Sigrún og Bablu



Sigga og Birta



Hauður og Hafberg



Mundi og Einar

MINNING

HJÖRTUR ÞÓRARINSSON, BÓKFELLI

f. 10.02. 1927 - d. 23.07. 2024

Hjörtur Þórarinsson, fyrrverandi skólastjóri og framkvæmdastjóri Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga lést 23. júlí 2024, 97 ára að aldri. Foreldrar Hjartar voru Þórarinn Árnason og Steinunn Hjálmarsdóttir. Fyrri kona Hjartar var Ólöf Sigurðardóttir, f. 1927 d. 1995 og seinni kona var Bryndís Steinþórsdóttir f. 1928 d. 2019. Dóttir Hjartar og Ólafar er Sigrún Hjartardóttir f. 1960, gift Birni Geir Leifssyni f. 1957.

Hirti auðnaðist að njóta síðustu ára ævkvöldsins hjá dóttur sinni og tengdasynti að Bókfelli í Mosfellsdal þangað sem hann flutti með þeim sumarið 2021. Hjörtur var mannvinnur, glettinn og hagamæltur. Nærvera hans var notaleg, handtakið þétt og faðmurinn hlýr. Á Bókfelli átti hann ánægjuleg samskipti við afabörn og langafabörnin fjögur. Margir sem áttu leið framhjá tóku eftir því að hann sat löngum að lestri við stóra gluggann og naut þess að horfa yfir gróskumikinn dalinn og tilkomumikinn fjallahringinn.

Hjörtur minntist gjarnan bernsku sinnar í Reykhólasveitinni þar sem hann ólst upp við sveitastörf og hlunnindabúskap. Breytingin sem hann lýsti á lífsháttum yfir langan mannsaldur er stórfengleg. Það rigndi inn í torbæinn á Reykhólum þar sem hann bjó með móður, stjúpa og 6 systkinum fram að 12 ára aldri þegar reist var steinsteypt hús á hólnum. Hann mundi vel fyrstu stígvélin



sem hann sagði oft að hefði verið eitt það minnistæðasta úr barnæskunni og mesta framför lífsgæða sem honum þótti hafa orðið á sinni ævi. Skólaganga var ekki sjálfsögð, farkennsla var í nokkrar vikur á ári en síðar var stofnaður unglingaskóli í sveitinni. Það þótti ekkert tiltökumál fyrir 14 ára drenginn að ganga 10 km í skólann á Stað hjá Séra Árelíusi. Hjörtur fór í Kennaraskólann í Reykjavík og kostaði það nám að mestu sjálfur með ihlaupavinnu við höfnina. Vaknaði hann fyrstur manna til að standa í röð og bíða eftir að verða valinn í dagsstarfið – þá átti hann líka fyrir mat næstu vikuna.

frh. á bls. 16

MINNING

KRISTÍN BIRNA GARÐARSDÓTTIR, ROÐAMÓA

f. 25.08. 1962 - d. 01.01. 2025

Kristín Birna Garðarsdóttir fæddist í Reykjavík 25. ágúst 1962. Hún lést á Landakotsspítala 1. janúar 2025 af völdum alzheimer. Foreldrar Kristínar eru Anna María Sampsted og Garðar Viðir Guðmundsson. Systkini hennar eru Kamilla Björk, maki Friðrik Þór Goethe; Linda, maki Ágúst Árnason, og Lilja, maki Jón Helgi Pálsson. Kristín kynntist lífsförunaut sínum, Guðbergi Guðbergssyni, 1977. Börn þeirra eru Anna Björk, maki Hrólfur Magni Gíslason, og Viktor. Barnabörn Kristínar eru Aþena Ósk, Viktoría Ósk, Hrafninn Ósk og Talía Ósk.

Kristín Birna var fyrstuárin á Seltjarnarnesi og flutti til Reykjavíkur og hefur búið síðustu árin í Mosfellsdal. Kristín starfaði við verslunarstörf, í versluninni Virkni í Ármúla, Litaveri og síðar sem skrifstofustjóri við fasteignasölur: Remax Lind, Remax Bæ og Fasteignasöluna Bæ í Kópavogi.

Kristín Birna var mikil akstursþróttakona og keppti í mótorkrossi, rallíkrossi, torfæru, ralli, kvartmílu og fleiru. Kristín varð margfaldur Íslandsmeistari. Hún var einnig einkaflugmaður.

Kristín mín var besti vinur minn, góður vinur vina sinna, alltaf glöð og til í að hjálpa. Hörkudugleg og laghent, vel skipulögð og þorði að framkvæma. Við tókum saman 1977 og vorum því saman í 47 ár. Við gerðum mikið saman, ferðumst um allan heim og áhugamál



okkar voru akstursþróttir og flug ásamt fjölskyldu og vinum.

Kristín Birna keypti mótorkrosshjól 16 ára og fór alls konar slóða um allt landið. Kristín vildi keppa með okkur strákunum í mótorkrossi, hún keppti í Íslandsmeistarakeppnum frá 1979 til 1986 og var hún eina konan til að keppa í þá daga; byrjaði á 125cc og fór svo á RM 500 1983 (sem var fyrir alvörukarlmenn). Hún var fyrsta konan til að keppa í mótorkrossi á Íslandi. Hún hætti þegar hún var ólétt að Önnu Björk dóttur okkar. Kristín var í stjórn Vélhjólafélagssins í sjö ár. Við fórum í flugnám 1977 og hún varð einkaflugmaður 1980 og átti hlut í tveimur flugvélum.

Árið 1986 keppti Kristín í rallíkrossi á lánuðum bíl frá vini sínum og vann hún keppnina og varð fyrsta konan til að keppa í rallíkrossi á Íslandi. 1990 fékk

frh. á bls. 16

frh. Hjörtur Þórarinnsson

Hjörtur var hraustmenni svo eftir var tekið og eftir kennaraskólann fór hann í Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni. Hann hóf sinn starfsferil í Stykkishólmi 1949 varð síðar kennari á Selfossi, skólastjóri á Kleppjárnsreykjum til 1978 og loks framkvæmdastjóri Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Félagsmál voru Hirti hugleikin. Hann starfaði með Frímúrarareglunni og Kiwanis, fyrst í Borgarfirði og síðar á Selfossi. Hann kom að stofnun tónlistarskóla í Borgarfirði og á Selfossi, starfaði lengi með Félagi áhugafólks um íþróttir aldraðra og var formaður Félags eldri borgara á Selfossi frá 1999-2013. Hann var í fararbroddi við stofnun Fjölbrautaskóla Suðurlands, var lengi formaður skólanefndar og stóð fyrir stofnun Hollvarðasamtaka skólans.

Hjörtur hafði mikinn áhuga á þjóðlegum fróðleik. Saga Fjalla-Eyvindar og Höllu vakti áhuga hans og sá hann til þess að dvalarstaðir þeirra um landið væru merktir. Í kjölfar þess gaf Ferðafélag Íslands út fræðsluritid „Afreksfólk öræfanna“ sem Hjörtur tók saman um æviferil þeirra.

Hjörtur var tónlistarunnandi og söng nær óslitið í kórum frá 14 ára aldri, síðasta æviárið með Vorboðunum, kór eldri borgara í Mosfellsbæ. Eftir Hjört liggja þúsundir lausavísna og margar þeirra lýsa lífsspeki sem hann setti fram ungar að aldri:

Á lífshlaupi árla ég loforð það vann
að leysa sem best sérhvern vanda
og svikalaust skipta við sérhvern mann
og setja mér við það að standa.

Sigrún og Björn Geir

frh. Kristín Birna Garðarsdóttir

hún sinn eigin bíl og varð Íslandsmeistari þrjú ár í röð. Þess má geta að á öðru árinu keppti hún ólétt og var komin tæpa fjóra mánuði á leið í síðustu keppninni.

Kristín Birna keppti í sérútbúnum bíl í torfæru 1990 og stóð sig með þrýði; varð í 7. sæti og var fyrsta konan til að keppa á sérútbúnum í torfæru. Kristín keppti einnig í sparakstri, ökuleikni, brautarkeppnum, rallíi, kvartmílu o.fl.

Við byggðum okkur tvö einbýlishús; fyrst í Logafold 152 í Reykjavík og svo í Roðamóa 9 í Mosfellsbæ.

Kristín var dugleg, öflug og sterk kona sem þorði að ögra strákunum, skapgóð, hjálpsöm, góður kokkur og bakari. Við vorum alltaf samrýnd og var hún eins og hægri hönd mín. Verður alltaf í huga mínum og hjarta og verður sárt saknað.

Guðbergur Guðbergsson

FRJÁLS FRAMLÖG

Þeir sem vilja styrkja Víghól og útgáfu Dalalæðunnar geta greitt inn á reikning félagsins

315-26-6411

Kennitala: 641198-2779

Víghóll, samtök íbúa
í Mosfellsdal

LJÓÐ EFTIR AUÐI EIRÍKSDÓTTUR

Í Mosfellsdal

Samið 01.21.2017

Viðlag

Í Mosfellsdal er magnað að vera
hér margt er að sjá og mikið að gera
já hér í Mosfellsdal

Viða ég ferðast og löng er mín leið
leitað ég hefi og flækst við um skeið.
En alltaf þó þrái ég hvar sem ég fer
að komast í Dalinn og setjast að hér

Þokan hún læðist um lautir og mó
lyngið það angar í kyrrðinni og ró.
Fuglinn í felli sér unir við söng
er ég hvílist í lautu
sumarkvöldin löng.

Viðlag

Í Mosfellsdal er magnað að vera
hér margt er að sjá og mikið að gera
já hér í Mosfellsdal

Blómin þau anga og brosa mót sól
bjarteygir krakkar sér leika á hól.
Á hestbak er farið og hleypt út um grund
og hlægjandi skemmtum við okkur um stund.

Veturinn kemur með kulda og snjó
kveður þá fuglinn og hverfur úr mó.
Máninn hann glottir frá himninum há
og helling af stjörnum má hér víst sjá.

Viðlag

Í Mosfellsdal er magnað að vera
hér margt er að sjá og mikið að gera
já hér í Mosfellsdal

BALINN



Í mörg ár hafa Soroptimistakonur í Mosfellsbæ haft í fóstri lundinn fyrir austan brennustæði okkar Dalbúa. Þær hafa af mikilli alúð séð um að halda svæðinu fallegu með því að koma árlega til að snyrta trén og annan gróður en auk þess sett niður bekki og borð. Á síðasta ári gáfu þær Dalbúum formlegt leyfi til að nýta svæðið sér til ánægju og yndisauka að því skilyrði upp fylltu að gengið væri vel um svæðið og því haldið hreinu. Aðeins einn dag á ári óska þær eftir að fá að vera ótruflaðar við sín uppgræðslustörf en það er annan mánudag í júní ár hvert og virðum við það að sjálfsögðu.

Þann 27. júní sl. komu Dalbúar saman á svæðinu til að kynnst því aðeins. Dalbúafélagið bauð uppá grillaðar pylsur og drykki, sólin skein og allir voru glaðir. Ákveðið var að efna til samkeppni um nafn á svæðið góða. Ýmsar tillögur bárust

og kusu Dalbúar úr þeim. Fyrir valinu varð nafnið Balinn og átti Júlí við Suðurá þá tillögu. Til að forvitnast um nafnið og tilurð þess demdum við nokkrum spurningum á hana.

Hvernig í ósköpunum datt þér þetta stórkostlega nafn í hug?

Ég fór að hugsa um hvað væri annað orð yfir „lund“ og þá kom grasbali upp í hugann. Svo má líka tengja önnur orð og viðburði við nafnið t.d. brennubalinn, hestabalinn, grillbalinn, nei ég segi bara svona.

Gerir þú mikið af því að kasta fram nöfnum á umhverfið þegar þú ferðast um?

Jú mér þykir það skemmtilegt, að finna ný nöfn á allt mögulegt.

Ertu að rifna úr stolti yfir að þín tillaga var valin?

Já ég er nú þegar komin í ræmur.

Hvað ertu eiginlega að gera þegar þú ert ekki að kasta nöfnum á landið sem þú ferð um?

Þá vil ég helst vera að labba um landið okkar nema ég liggi auðvitað í einhverjum fallegum „gras“ balanum.



Júlí í leit að grasbala

DALALÍF Í BALANUM 27. JÚNÍ 2024

Ljósm. Sesselja Mjöll



Fjöldmenni í Balanum



Nógu slétt fyrir Kubb!



Sól og gleði



Kristín og Guðbergur á góðri stundu



Víghóll grillaði pylsur af mikilli alúð



Hestar eru velkomnir í Balann

LÍKAMI OGSÁL

FÓTA AÐGERÐASTOFA

*Fótaaðgerðafraeðingurinn
mælir með*

Glerups ullarinniskórnum

LAGR SIG AÐ FÆTINUM

Mjúkur og stamur
kálfskinnssóli
sem lagar sig að
fætinum fyrir
aukin þægindi

HELDUR Á OKKUR HITA

Einstakir
eiginleikar
ullarinnar halda
alltaf á okkur hita
en ullin án þess að
við svitnum

EKKERT SIGG

Þeir nudda hvergi og
mynda þar af leiðandi
ekki sigg




ÞAÐ ER EKKERT LÖGMÁL AÐ ALLIR FÁI SIGG !

SKÓR SKIPTA MÁLI !

Líkami og sál
Þverholt 11, 270 Mosfellsbæ
www.likamiogsal.is
[facebook/likamiogsal](https://facebook.com/likamiogsal)



Sendum
hvert á land
sem er



VERKSTÆÐIÐ

www.verkstaedid.is

TJALDSTÆÐI



MOSSKÓGAR
S. 663 6173



Fasteignasala
Mosfellsbæjar

FASTMOS.IS
586-8080



Booking.com



MINNA-MOSFELL
Guesthouse

www.minnamosfell.is



 *Gislason*

VIÐGERÐIR EHF.

Völuteigi 25

587 2060

DÝRALÆKNIRINN
Mosfellsbæ

Urðarholti 2
270 Mosfellsbæ

Sími 566 5066 | 660 0633

Opið: 9 - 18 alla virka daga

Neyðarvakt dýraspítala höfuðborgarsvæðisins opin allan sólarhringinn
530 4888



GK
VIÐGERÐIR

566 6257
Flugumýri 16c, Mosfellsbæ

Í GAMLA DAGA



Gunna og Halla Fróða



Mundi



Reynir Hólm



Jói í Dalsgarði og Póri í Laxnesi



Kjartan á Hraðastöðum



Kalli í Ögn



Birta í Ögn



Gísli og Anna í Brekkukoti



Oddur Roth



*Rakel í Roðamóa
Dalalæðan*



Gísli í Dalsgarði

Íslenskur kalkúnn

gæði í yfir 60 ár



Hollur hátíðarmatur

Fylltur kalkúnn
fullkomnar veisluna

Uppskriftir og
eldunarleiðbeiningar á
kalkunn.is



Holda
KALKÚNN



BRAKANDI FERSKT SALAT



Í fararbroddi í salatframleiðslu!



Lambhagi hefur um árabli verið í fararbroddi í salatframleiðslu á Íslandi. Fyrirtækið hefur verið framsækið í því að tileinka sér bestu mögulega tækni til þess að rækta hágæða vöru við bestu aðstæður. Engin eitrefni eru notuð við framleiðslu Lambhagasalats. Framleiðslan fer fram á yfir 5.000 fermetrum allan ársins hring við skilyrði sem tryggja hámarksgæði.